Tíminn

Útgefandi: Framsóknarflokkurinn
Framkvæmdastjóri: Jóhann H. Jónsson. Auglýsingastjóri: Steingrímur Gíslason. Skrifstofustjóri: Jóhanna B. Jóhannsdóttir. Afgreiðslustjóri: Sigurður Brynjólfsson. Ritstjórar: Þórarinn Þórarinsson, Elías Snæland Jónsson, Jón Helgason, Jón Sigurðsson. Ritstjórnarfulltrúi: Oddur V. Ólafsson. Fréttastjóri: Páll Magnússon. Umsónarmaður Helgar-Tímans: Illugi Jökulsson. Blaðamenn: Agnes Bragadóttir, Atli Magnússon, Bjarghildur Stefánsdóttir, Egill Helgason, Friðrik Indriðason, Friða Björnsdóttir (Heimilis-Tíminn), Heiður Helgadóttir, Jónas Guðmundsson (þingfréttir), Jónas Guðmundsson, Kjartan Jónasson, Kristinn Hallgrímsson (borgarmál), Kristín Leifsdóttir, Ragnar Örn Pétursson (íþróttir). Útlitsteiknun: Gunnar Trausti Guðbjörnsson. Ljósmyndir: Guðjón Einarsson, Guðjón Róbert Ágústsson. Myndasafn: Eygló Stefánsdóttir. Prófarkir: Flosi Kristjánsson, Kristín Þorbjarnardóttir, María Anna Þorsteinsdóttir.
Ritstjórn, skrifstofur og auglýsingar: Síðumúla 15, Reykjavík. Sími: 86300. Auglýsingasími: 18300. Kvöldsímar: 86387, 86392. — Verð í lausasölu 4.00. Áskriftargjald á mánuði: kr. 70.00 — Prentun: Blaðaprent h.f.

Davíð og Albert

■ Sá atburður gerðist í borgarráði Reykjavíkur síðastl. þriðjudag, að Sjálfstæðisflokkurinn klofnaði í tvennt, þegar valinn var forstjóri fyrir Bæjarútgerð Reykjavíkur. Borgarráð og borgarstjórn Reykjavíkur hafa verið þær stofnanir, þar sem samheldni Sjálfstæðismanna hefur reynzt mest frá upphafi. Nú er augljós klofningur flokksins einnig orðinn staðreynd þar.

Deilan um Gunnar og Geir er þessu alveg óviðkomandi. Þetta er aðeins eitt dæmið um það, að Sjálfstæðisflokkurinn getur hvergi verið óklofinn, ekki einu sinni í hinu gamla vígi sínu, borgarráði og borgarstjórn Reykjavíkur.

Sjálfstæðisflokkurinn valdi sér nýjan forustumann í borgarstjórninni á síðastliðnu sumri. Birgir Ísleifur Gunnarsson afsalaði sér forustunni þar, enda mun hann hafa fundið, að hann hefði ekki nægilegt traust flokksbræðra sinna þar. Jafnframt lýsti Ólafur B. Thors yfir því, að hann ætlaði að hætta í borgarstjórninni.

Þannig gengu í einu lagi úr leik þeir forustumenn Sjálfstæðisflokksins, sem mest höfðu verið á oddinum í borgarstjórn Reykjavíkur. Enginn þeirra, sem eftir var í borgarstjórnarliðinu, þótti vænlegur til forustu. Það dugði þó ekki, að flokkurinn væri forustulaus. Eftir nokkurt þóf, féll valið á Davíð Oddsson.

Valið mun hafa fallið á Davíð ekki sízt vegna þess, að hann hafði á síðasta landsfundi boðið sig fram í varaformannsstöðuna gegn Gunnari Thoroddsen, en gert það í óþökk Geirs Hallgrímssonar, sem hafði ætlað Matthíasi Bjarnasyni hnossið.

Það verður að segja um forustu Davíðs, að hún hefur ekki vakið hrifningu.

Réttasta lýsingin mun sú, að hann hafi hvorki staðið sig vel eða illa, enda reynslutími ekki langur.

Sú skoðun mun þó hafa myndazt innan Sjálfstæðisflokksins, að hann sé ekki sigurvænlegt borgarstjóraefni.

Þetta hefur ekki fallið illa áköfustu fylgismönnum Gunnars og Geirs, sem enn muna Davíð óþægðina á landsfundinum. Þrátt fyrir allt sundurlyndi þeirra, fóru þeir að ræða um, hvort þeir gætu ekki komið sér saman um nýtt borgarstjóraefni. Báðir fengu fljótt augastað á Albert Guðmundssyni. Geirsmenn sáu þann kost við framboð Alberts í borgarstjórastöðuna, að hann myndi hverfa af þingi, ef hann yrði borgarstjóri.

Albert reyndist nokkuð tregur í fyrstu, enda stefnir hugur hans hærra. Nokkurt lát mun þó hafa orðið á honum í seinni tíð.

Á fundi borgarráðs nú í vikunni lét hann til skarar skríða. Davíð Oddsson bar sem forustumaður flokksins fram tillögu um ákveðinn mann í forstjórastarfið. Albert Guðmundsson hafði það að engu og kaus annan mann.

Borgarbúar munu næstu mánuði verða áhorfendur og áheyrendur að auknum átökum milli þeirra Davíðs og Alberts.

A.m.k. eins og staðan er nú, ætlar Davíð ekki að gefast upp, heldur telja sér til gildis, að hann hafi bæði Geir og Gunnar á móti sér.

Þ.Þ.

á vettvangi dagsins

NÁTTFARI NAM LAND Á LÖG-LEGAN HATT

eftir Karl Sæmundarson, Ölfusborgum

■ Í Byggða-Tímanum þann 18. mars sl. er grein um Húsavík. Umsjónarmaður þessa blaðs er Halldór Valdimarsson og verð ég að álíta hann höfund greinarinnar þar sem annar er ekki nefndur. Þetta er líðlega skrifuð grein að mínu viti og lýsir mannlífi og menningu Húsvíkinga á skemmtilegan hátt. Má ætla að lesendur verði nokkurs vísari um framvindu mála á vetursetustað Garðars Svavarssonar og hans fólks.

Ein er þó sú málsgrein í skrifi þessu sem ég er ekki ánægður með. Þar stendur meðal annars, eftir að sagt er frá skála Garðars og vetursetu: „Þræll hans (Garðars) Náttfari tengdist þó staðnum traustari böndum, því hann tók sér bólfestu þar í grennd eins og örnefnið Náttfaravík ber með sér". Þetta er ósköp meinleysisleg setning, en vekur þó í mínum huga tvær spurningar.

Náttfari ekki þræll

Ég ætla að heimildir um Garðar og Náttfara, þær sem stuðst hefur verið við, séu Landnámabók. Einnig er þeirra getið í Reykdælasögu og ef til vill víðar. Hvergi hefi ég lesið að Náttfari hafi verið talinn þræll. Ekki heldur að hann hafi „tekið sér bólfestu í Náttfaravík". Gaman þætti mér að fá að sjá svart á hvítu hvaðan heimildir um hið gagnstæða eru fengnar.

Í Landnámabók, bls. 25 (mín bók) þar sem sagt er frá vetursetu Garðars Svavarssonar: „Hann var um vetur einn norður í Húsavík á Skjálfanda og gerði sér þar hús. En um vorið er hann var búinn til hafs sleit frá honum mann á báti er hét Náttfari og þræll og ambátt. Hann byggði þar síðan er heitir Náttfaravík". Þarna segir nú berum orðum að Náttfari var ekki talinn þræll eins og orðalagið ber vitni. Það er tekið fram að með honum á bátnum hafi verið þræll og ambátt. Ef Náttfari hefði verið ófrjáls maður er líklegt að skrifað hafi verið um tvo þræla og ambátt, allavega hefði þá verið öðruvísi frá sagt.

Í Landnámabók bls. 168-169 er sagt frá landnámi Eyvindar Þorsteinssonar. Þar stendur: „Eyvindur kom í Húsavík skipi sínu og nam Reykjadal uppfrá Vestmannsvatni. Hann bjó að Helgastöðum og er þar heygður. Náttfari er með Garðari hafði farið eignaði sér áður Reykjadal og hafði merkt sér viðum, en Eyvindur rak hann á braut og lét hann hafa Náttfaravík". Hvergi stendur þarna að Náttfari hafi verið þræll. Afturámóti segir að hann hafi „merkt á viðum", með öðrum orðum numið land á löglegan hátt.

Nauðugur í Náttfaravík

Í Reykdælasögu og Víga-Skútu bls. 179 segir frá Eyvindi og landnámi hans, síðan orðrétt: „Náttfari sá er Garðari hafði út fylgt, hafði eignað sér Reykjadal áður og markað til að við, hversu vítt skyldi eiga. En er Eyvindur fann hann, gerði hann honum tvo kosti, að hann skyldi eiga Náttfaravík, ella alls ekki. Þangað fór Náttfari". Enn má lesa að Náttfari var ekki þræll. Hefði svo verið er líklegt að Eyvindur hefði ekki

menningarmál

KJARVALSSTAÐIR
STEINUNN MARTEINSDÓTTIR
Myndskreytingar
og keramik
16.-31. maí 1981



■ Steinunn Marteinsdóttir ásamt nokkrum verka sinna á sýningunni.

Keramik á Kjarvalsstöðum

Leirkerasmíði

■ Einn öruggasti vegvísir fornfræðinnar í vissum heimshlutum eru leirker, leirbrot úr búsáhöldum eða skrautmunum, því af þeim er sagan lesin og menningarstigið mælt, með sama hætti og Flatartungufjalir, naglar og kuml rekja íslenska sögu, aðra en þá sem varðveist hafði á bókum.

Því miður glopruðu norrænir menn niður leirkerasmíði, og höfðu gjört það áður en Ísland byggðist. Höfðu Íslendingar því ekki neina hentisemi af leirnum, hvorki til skrauts, eða sem vatnsheld ílát og engin fornsaga er sögð með leir, nema ef vera kynni í einhverjum leirburði kvæðagerðarmanna.

Leirkerasmiðir hér á landi hafa því við ekkert að styðjast og hafa orðið að búa til myndheim sinn sjálfir, öndvert við það sem er hjá þeim þjóðum, þar sem keramik, eða leirmunagerð hefur verið stunduð í árþúsundir.

Hér var í upphafi gerður nokkur munur á búsáhöldum og skrautmunum unnum úr leir. Sú skipting er enn í fullu gildi og mun leirmunagerð hafa verið stunduð hér á landi í a.m.k. hálfa öld sem iðngrein.

En þótt örðugt sé að setja hin svonefndu listrænu mörk, eru það eigi ófáir hér á landi, sem stunda leirmunagerð sem listiðnað og í þeirra hópi er Steinunn Marteinsdóttir í Hulduhólum.

Steinunn Marteinsdóttir

Steinunn Marteinsdóttir hefur verið ötull leirmunasmiður í mörg ár. Hún á til listrænna að telja, en foreldrar hennar voru þau Marteinn höggmyndasmiður Guðmundsson og Kristín Bjarnadóttir, Sæmundssonar dr. phil fiskifræðings, en þau hjón eru nú bæði látin.

Steinunn stundaði nám í Handíða- og myndlistarskólanum, en fór að því loknu til Vestur-Berlínar, svona í þann mund er steinsmiðir Stalíns voru að loka augunum á sínum parti af Berlín með Berlínarmúrnum. Þarna var Steinunn við nám frá 1956-1960, er hún stofnaði keramikverkstæði í Reykjavík, en það rekur hún nú í Hulduhólum í Mosfellssveit.

Segja má að Steinunn Marteinsdóttir hafi orðið fræg fyrir sýningu á keramík, sem hún hélt á Kjarvalsstöðum árið 1975, því hún gjörir undursamlega fagra muni, sem eru listrænir í formi og lit.

Þessi sýning er ef til vill smærri í sniðum, en á henni eru rúmlega hundrað munir. Munaður einn verður sumt að teljast, en svo eru vasar, skálar og bakkar, ker, púnsglös og aðrir smámunir.

Þetta er steinleir, leir og postulín efnislega, en í annan máta eru þetta kjörgripir, unnir af vandvirkni, dirfsku og hugrekki — Það er gott fyrir vorið að fá svolitið góðviðri, sagði gömul kona við mig á hlaðinu fyrir utan og það hygg ég að svona sýning sé einnig.